

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að frestun refsingarinnar teljist frá uppsögn þessa landsyfirréttardóms. Ákærði Bjargmundur Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens 12 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. júlí.

Nr. 23/1910:

Björn Kristjánsson og Björn  
Sigurðsson bankastjórar  
gegn

Kristjáni Jónssyni háyfirdómara.

Dómur:

Með úrskurði fúgetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 4. janúar þ. á., var stefnda, Kristjáni Jónssyni háyfirdómara, eftir kröfu hans en gegn mótmælum áfrýjendanna, þeirra Björns Kristjánssonar og Björns Sigurðssonar bankastjóra, veittur aðgangur að húsi landsbankans, bóku og skjölum, til þess að hann gæti framkvæmt eftirlitsstarf sitt sem gæzlustjóri bankans, og var úrskurður þessi staðfestur með landsyfirréttardómi 25. apríl þ. á. Eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp, krafðist stefndi

Þess af áfrýjendum, að þeir greiddn sér af fé bankans gæzlustjóraalaun fyrir janúarmánuð 1910  $\frac{1}{12}$  hluta af 1000 kr. eða 83 kr. 33 a., sem venja hefir verið að greiða fyrirfram í byrjun hvers mánaðar. En áfrýjendur synjuðu honum um þá greiðslu og höfðaði hann þá mál þetta á hendur þeim fyrir hönd Landsbankans fyrir bæjarþingi Reykjavíkur; lauk því með dómi þess réttar uppkveðnum 7. apríl þ. á., þannig að áfrýjendurnir voru samkvæmt kröfu stefnda dæmdir til að greiða honum 83 kr. 33 a. með 6% ársvöxtum frá 6. janúar 1910 til borgunardags og í málskostnað 25 kr.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 23. apríl þ. á., og krafist þess, að hann verði með eða án heimvísunar úr gildi feldur og honum hrundið og breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnda, og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Aftur á móti er það krafa stefnda, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum og honum dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Í fyrgreindu úrskurðarmáli var því haldið fram af hálfu áfrýjendanna, að stefnda hefði verið vikið frá gæzlustjórastarfinu við Landsbankann til fullnaðar, með stjórnarráðstöfun 22. nóvbr. f. á., og ætti hann úr því engan rétt á að taka neinn þátt í stjórn bankans. Sömu skoðun halda áfrýjendur enn fram í þessu máli, þó að eigi séu færð nein ný rök fyrir henni, en með því að þessi skoðun í fyrtéðum landsyfírréttardómi var eigi talin á rökum byggð og henni því hrundið, verður þetta málsatriði, sem er útkljáð með óvefengdum dómi, eigi tekið til úrlausn-

ar af nýju í þessu máli. En jafnhliða eða til vara halda áfrýjendur því fram, að stjórnarráðstöfunin 22. nóvbr. hafi verið gjörð með heimild í lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, 20. gr., og hana beri því að skilja þannig, að hún nái eigi lengra eða sé eigi viðtækari en þetta lagaákvæði heimilar, en þó að það eigi álitist veita landstjórninni frekara vald heldur en til þess að víkja stefnda frá um stundarsakir, þá setji lögin þó engin ákveðin takmörk fyrir því, hvað orðin »um stundarsakir« tákni langan tíma innan tímabilsins til næsta þings, en um nauðsynina á því, að láta frávikninguna standa lengri eða skemri tíma, verði landstjórnin ein að taka ákvörðun, og hún hafi látið í ljósi, að frávikningin skuli standa fram yfir 1. janúar þ. á.

Vald landstjórnarinnar samkvæmt bankalögum 1885 til að víkja frá gæzlustjórum bankans um stundarsakir var afnumið með lögum nr. 12 9. júlí 1909 um breyting á fyrnefndum lögum, en stefndi lítur svo á, að ráðstöfun stjórnarráðsins 22. nóvbr. f. á. geti ekki átt sér lengri aldur en lagaheimild sú, er hún var byggð á, og hún hafi því verið á enda þegar síðarnefnd lög gengu í gildi 1. janúar þ. á.

Stefndi var kosinn gæzlustjóri Landsbankans á alþingi 1905 um 4 ár, frá 1. júlí 1906 til jafnlengdar 1910 og aftur á alþingi 1909 um næstu 4 ár, til 1. júlí 1914. Við hinni fyrri kosningu var ekkert baggað á alþingi 1909, þó að stofnlögum bankans væri þá að ýmsu leyti breytt, sérstaklega ákvæðunum um stöðu gæzlustjóranna við bankann. Sú kosning átti því, eftir tilætlun alþingis, að standa í fullu gildi kosningartímann á enda, til 1. júlí þ. á. Í annan stað er það vafalaust, að hin

nýja skipun á bankanum, sem gjörð var með lögum þessum, átti að koma til framkvæmdar í öllum greinum um leið og lögin gengu í gildi. Bráðabirgðarráðstöfun stjórnarinnar, frákvikning stefnda um stundarsakir 22. nóv. f. á., varð því að falla niður 1. janúar þ. á., af því að engin heimild er fyrir henni í hinum nýju bankalögum, sem komu til framkvæmdar þann dag. Það er eftir þessu rétt álitíð í hinum áfryjaða dómi, að umboð stefnda sem gæzlustjóra frá 1. janúar þ. á. verður að meta eftir lög- unum frá 1909, og að honum því beri gæzlustjóraun fyrir janúarmánuð þ. á., sem hann hefir krafist, en um upphæð þeirra, kr. 83,33, er enginn ágreiningur. Það ber því að taka kröfu stefnda til greina, eins og bæjarþingsdómurinn hefir gjört, og með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum, og eftir þeim úrslitum þykir rétt, að áfryjendur greiði stefnda og málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera.

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfryjendurnir Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar fyrir hönd Landsbankans greiði stefnda Kristjáni Jónssyni háyfirdómara 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.